

Starfsaðferðir í leikskólanum Norðurbergi þegar upp kemur grunur um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum.

Ákvæði um tilkynningarskyldu er að finna í IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 16. 17. og 18. gr., sjá einnig III. kafla reglugerðar nr. 56/2004 um málsmeðferð hjá barnaverndarnefnd.

16. gr. kveður á um tilkynningarskyldu almennings.

17. gr. kveður á um sérstaka tilkynningarskyldu þeirra sem starfa sinna vegna hafa afskipti af börnum.

18. gr. kveður á um tilkynningarskyldu lögreglu.

19. gr. kveður á um nafnleynd tilkynnenda.

31. gr. kveður á um neyðarráðstafanir.

43. gr. kveður á um rannsóknarheimildir.

Ef starfsmaður/-menn telja að barn sæti kynferðisofbeldi eða sé misboðið á einhvern hátt skal það tilkynnast barnavernd þar sem barnið á lögheimili. Barnið á að njóta vafans og fagfólk barnaverndar á að meta þörf á aðgerðum.

Starfsmönnum ber við störf sín að gæta fyllstu hlutlægni, vanda störf sín og gæta faglegra vinnubragða. Starfsmenn skulu sýna börnum, foreldrum og öðrum sem tengjast barnaverndarmáli fyllstu nærgætni, þegar þeir kanna og fara með jafn viðkvæm mál.

Starfsmönnum ber að gæta fyllsta trúnaðar og mega ekki skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir verða vísir að í starfi sínu um einkamál manna og heimilishætti.

Forvarnir

Áætlun og innleiðing í að efla sjálfsmynd barna og að kenna þeim að setja mörk í samskiptum.

Markmið:

- að efla sjálfsmynd barna
- að kenna börnum að setja mörk
- að kenna börnum að þekkja tilfinningar sína
- að kenna börnum að koma skoðunum sínum á framfæri
- að kenna börnum hvað eru góð og/eða vond leyndarmál
- að kenna börnum hvar þeirra einkastaðir eru

Leiðir:

- Við vinnum samkvæmt skólanámskrá þar sem áhersla er lögð á að efla/styrkja sjálfsmynd barna og sjálfsöryggi þeirra.
- Starfsaðferðir leikskólans stuðla að því að daglegt líf barnsins í leikskólanum mótist af vellíðan og að það finni fyrir öryggi og trausti hjá starfsmönnum.
- Við hvetjum börnin til að tjá tilfinningar sínar og koma skoðunum sínum á framfæri í samskiptum.
- Við kennum þeim hvernig við tölum og komum fram við hvert annað.
- Við kennum þeim hvernig við setjum mörk um hvað okkur finnst gott og vont. Gott er að nota tilfinningaspjöldin í umræður.
- Við kennum börnunum að þau geti sjálf sett mörk og að það er ekki sjálfsagt að leyfa til dæmis kossa þegar barn á afmæli eða að ganga að því og snýta þó það sé með hor. Mikilvægt er að við spyrjum barnið: Viltu að ég hjálpi þér...? Má ég kyssa þig til hamingju.....?
- Fræðsluefni er til fyrir börnin þar sem lögð er áhersla á að fræða þau um líkama þeirra og persónuleg mörk. Til þess notum við markvisst bækurnar „**Petta er líkaminn minn**“ eftir Lory Freeman og ljóðabókina „**Petta eru mínir einkastaðir**“ eftir Diane Hansen. Einnig horfum við saman á myndina „**Leyndarmál**“ með tveimur elstu árgöngunum í leikskólanum.

Vinnuumhverfi leikskólans / Öryggi barna og starfsmanna

Allir starfsmenn sem sækja um vinnu í leikskólanum skila inn sakavottorði.

Húsnæði og dagskipulag leikskólans er þannig úr garði gert að starfsmenn eru aldrei einir með barni. Gardínur á milli rýma eru opnar.

Fræðsla til barnanna

Markmið með fræðslu til barnanna er að efla sjálfmynd þeirra, kenna þeim að setja mörk og þekkja tilfinningar sínar og skoðanir og að koma þeim á framfæri.

Leiðir:

- Daglegt líf barnanna í leikskólanum á að mótast af öryggi og vellíðan.
- Við lesum bækur með fræðsluefni og ræðum saman.
- Börnin eiga að finna öryggi og traust hjá starfsmönnum.

Tímasetning á markvissri fræðslu og umræðum:

September/október: Verkefnavinna: sjálfsmynd og umræður. Tala við alla um einkastaði hvers og eins.

Nóvember / Febrúar : Lestur bókanna: „Þetta er líkaminn minn“ og ljóðabókin „Þetta eru mínir einkastaðir“, umræður á eftir. Þetta er fyrir tvo elstu árgangana í leikskólanum.

Fjögurra og fimm ára börnin í leikskólanum horfa saman á teiknimyndina „Leyndarmálið“ sem er á heimasíðu Blátt áfram. Umræður á eftir. Hver eru góð/vond leyndarmál, hvernig líður manni með þau? Nota tilfinningaspjöldin.

Fræðsla til starfsmanna

Markmið með fræðslu til starfsmanna er að styrkja þá í að þekkja einkenni illrar meðferðar á börnum.

Leiðir:

- Sækja fyrirlestra/ráðstefnur sem í boði eru um málefnið hverju sinni.
- Vera með fræðslu innan leikskólans.
- Kynna starfsaðferðir leikskólans á hverju hausti og einnig fyrir nýjum starfsmönnum.
- Læra að hlusta á börnin og að bregðast við.
- Vera með opnar umræður á starfsmannafundum.

Fræðsla til foreldra

Markmið með fræðslu til foreldra er að styrkja þá í að ræða forvarnir við börnin sín.

Leiðir:

- Kynna starfsaðferðir leikskólans á hverju hausti fyrir foreldrum.
- Hvetja foreldrafélagið til að vera með fyrirlestur og/eða fræðslu til foreldra.

Hvað er kynferðislegt ofbeldi?

- Hvers kyns kynferðisathöfn milli fullorðins einstaklings og ólögráða einstaklings eða milli tveggja ólögráða einstaklinga þar sem annar aðilinn hefur vald yfir hinum.
- Að neyða, þvinga, hvetja eða sannfæra barn um að taka þátt í hvers kyns kynferðislegri athöfn eða snertingu. Einnig þeirri sem ekki felur í sér snertingu svo sem sýnipörf, klám í hvaða mynd sem það birtist, gægjugöt, hvort sem er á ákveðnum stað, interneti eða í síma.
- Kynferðislegt ofbeldi er glæpur og er refsiverð samkvæmt lögum.

Afleiðingar kynferðislegs ofbeldis

Kynferðislegt ofbeldi veldur fórnarlömbum ómældri sálarangist og kvöl.

Andleg einkenni hjá börnum:

- þau sýna almenna vanlíðan kvarta undan höfuð- og/eða magaverk, þurfa mjög mikla athygli, geta sýnt óeðlilega hegðun í samskiptum
- óeðlileg vitneskja um kynferðislegar athafnir miðað við aldur sem fram koma t.d. í teikningum, hlutverkaleik og í samskiptum
- þau geta sýnt óeðlilega hegðun eða upplifun sem tengist snertingu og/eða í samskiptum
- þau vilja ekki fækka fötum í leik
- þau forðast snertingu við aðra
- þau byrja aftur að pissa í buxur eða í rúmið á næturnar
- þau sýna mikið óöryggi
- þau tilkynna kynferðislega hegðun gagnvart sér

Líkamleg einkenni hjá börnum:

- sýnilegir áverkar, marblettir á líkama, útlimum, baki, maga, andliti, höfði, á kynfærum, rasskinnum eða á endaparmi
- rispur, klór
- síendurteknir marblettir á líkama barnsins eða brunasár sem erfitt er að útskýra eða erfitt að tengja við óhapp eða slys
- eiga erfitt með að ganga eða að sitja
- kvarta um sviða eða kláða á kynfærum eða þar í kring
- eiga vont með að pissa og/eða blóðleitur vökvi er sýnilegur í buxum
- sýking eða útferð

Hlutverk starfsmanna

Ef grunur vaknar um kynferðislega ofbeldi gagnvart börnum

Viðbrögð starfsmanns:

Starfsmaðurinn þarf að vera meðvitaður um að barnið er að sýna honum ákveðið traust. Starfsmaður skráir niður dagsetningu og atburð.

Starfsmanni ber að halda ró sinni og nota setningar eins og:

- Takk fyrir að segja mér frá þessu. Viltu segja mér eitthvað meira ?
- Ég ætla að hjálpa þér.

Ef barnið vill ekki tjá sig meira þá á ekki að ýta á það. Það er þegar búið að opna fyrir upplifun sína og þá má ekki loka á traustið sem barnið sýnir. Bíða eftir að barnið opni sig aftur. Búa til þannig aðstæður að barnið geti og þori að tjá sig t.d. eitt með viðkomandi starfsmanni.

Hvert leitar starfsmaður:

Starfsmaður sem verður vitni að frásögn barns, leitar aðstoðar hjá leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og/eða deildarstjóra. Leikskólastjóri kallar saman samráðsteymi leikskólans og leitar í kjölfarið eftir utanaðkomandi aðstoð sem veitir stuðning eða áfallahjálp fyrir starfsmenn.

Skrá niður atvikið.

Leikskólastjóri tilkynnir atvikið til Barnaverndarnefndar Hafnarfjarðar í síma 585-5700 / neyðarsími 664-5700.

Eftir að barn kemur aftur í leikskólann þá fylgja starfsmenn eftir ráðgjöf sem utanaðkomandi ráðgjafar hafa gefið.

Stuðningur og ráðgjöf

Stuðningsaðilar innan leikskólans og ráðgjafar/samráðsteymi leikskólans:

- leikskólastjóri
- aðstoðarleikskólastjóri
- fulltrúi starfsmanna
- deildarstjóri hjá viðkomandi barni

Utanaðkomandi stuðningsaðilar og ráðgjafar:

Próunarfulltrúi Hafnarfjarðar, Sigurborg Kristjánsdóttir, 664-5821

Félagsþjónusta Hafnarfjarðar sími: 585-5700, neyðarsími 664-5700

Tengiliður leikskólana hjá Félagsþjónustu Hafnarfjarðar: Arnbjörg Jónsdóttir.

Lögreglan sími: 112

Blátt áfram, sími: 533 2929

Barnahús, sími: 530 2500

Áfallaaðilar fyrir starfsmenn:

Sálfræðiaðstoð frá Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, 585-5500.